

## LÖG

### um lögskráningu sjómanna.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

*Markmið.*

Markmið laga þessara er að tryggja að skipverjar hafi gild skírteini til þess að starfa um borð í skipi, að skip hafi gilt haffærisskírteini og að lögboðin áhafnartrygging sé í gildi. Þá er það einnig markmið laga þessara að tryggja sönnun fyrir því hverjir séu um borð í skipi hverju sinni og að siglingatími skipverja sé skráður.

2. gr.

*Gildissvið.*

Lög þessi gilda um áhafnir allra skráningarskyldra skipa á Íslandi sem gerð eru út í atvinnuskyni að undanskildum þeim sem skráð eru á íslenska alþjóðlega skipaskrá.

3. gr.

*Orðskýringar.*

Í lögum þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. *Lögskráningarkerfi* er rafrænn gagnagrunnur sem vistar upplýsingar um lögskráningar. Siglingastofnun Íslands rekur gagnagrunninn og veitir aðgang að honum til lögskráningar.
2. *Lögskráning* er lögformleg skráning skipverja um borð í skipum í gegnum lögskráningarkerfið að uppfylltum skilyrðum 5. gr.
3. *Skipverji* er sá sem er ráðinn til starfa á skipi samkvæmt ákvæðum sjómannalaga.
4. *Skírteini* er skjal sem er í gildi og er staðfesting á atvinnuréttindum samkvæmt ákvæðum laga þessara.
5. *Útgerðarmaður* er sá sem mannar skip, ræður ferðum þess, ber kostnaðinn af þeim og nýtur arðsins af þeim.

4. gr.

*Lögskráningarskylda.*

Áður en haldið er úr höfn skal skipstjóri sjá til þess að allir skipverjar sem eru ráðnir til starfa um borð í skipi skráðu hér á landi séu lögskráðir í skiprúm.

Óheimilt er að leggja skipi úr höfn nema allir skipverjar hafi verið lögskráðir í skiprúm. Þetta gildir þó ekki í neyðartilvikum.

Þegar veru skipverja um borð lýkur skal skipstjóri sjá til þess að viðkomandi sé lögskráður úr skiprúmi.

## 5. gr.

*Framkvæmd lögskráningar.*

Skipstjóri ber ábyrgð á því að lögskráning fari fram í gegnum lögskráningarkerfið með rafrænum hætti. Skipstjóra er heimilt að fela útgerðarmanni að annast lögskráninguna.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að senda öll áskilin gögn og upplýsingar til þess sem annast lögskráninguna, sbr. f-lið 1. mgr. 7. gr.

Einungis er heimilt að lögskrá í skiprúm ef eftirtalin gögn eða upplýsingar liggja fyrir:

1. Skírteini skipverja eða undanþágur, þ.m.t. skipstjóra.
2. Mælibréf skips og haffærisskírteini.
3. Staðfesting á að skipverji hafi hlotið öryggisfræðslu í Slysavarnaskóla sjómanna eða á annan hátt.
4. Yfirlýsing frá viðkomandi tryggingafélagi um líf- og slysatryggingu skipverja og skal skráningaraðili ganga úr skugga um að tryggingarnar séu í samræmi við gildandi lög og kjarasamninga. Nú vanrækir útgerðarmaður að hafa líf- og slysatryggingu í gildi og er hann þá ábyrgur fyrir viðkomandi bótagreiðslum. Reynist útgerðarmaður eigi fær um greiðslu slíkra bóta ber ríkissjóður fulla ábyrgð á greiðslu þeirra.

## 6. gr.

*Gjöld.*

Greiða skal gjald til Siglingastofnunar Íslands fyrir aðgang að lögskráningarkerfinu. Þá skal greiða þeim sem falið er með reglugerð að annast lögskráningu gjald fyrir þau störf sem innt eru af hendi við framkvæmd lögskráningar samkvæmt lögum þessum. Skal kostnaður miðast við veitta þjónustu.

Gjöld skulu ákvörðuð í gjaldskrá sem staðfest er af ráðherra og við ákvörðun gjalda skal leggja til grundvallar kostnað vegna launa starfsmanna og rekstrarkostnað vegna viðhalds og vistunar lögskráningarkerfisins.

## 7. gr.

*Reglugerðarheimild.*

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara, þ.m.t. um:

- a. nánari framkvæmd lögskráningar og skilyrði hennar,
- b. hvernig standa skuli að rafrænu lögskráningunni í gegnum lögskráningarkerfið og notkun rafrænna skilríkja í þeim efnum,
- c. öryggisfræðslu sjómanna og hvernig að henni skuli staðið,
- d. hversu langt þurfi að líða á milli grunnöryggisfræðslunámskeiðs og endurmenntunarnámskeiðs,
- e. frest til þess að ljúka öryggisfræðslunámskeiði sjómanna,
- f. hvaða embætti eða stofnun skuli annast framkvæmd lögskráningar í samræmi við 2. mgr. 5. gr.,
- g. hvernig standa skuli að aðgangi að gögnum og upplýsingum úr lögskráningarkerfinu til stéttarsamtaka, eða aðila í þeirra umboði,
- h. eftirlit með framkvæmd lögskráningar.

Ráðherra er heimilt í reglugerð að veita undanþágu frá ákvæðum laga þessara um lögskráningarskyldu áhafna tiltekinna skipa, svo sem hafnsögubáta, dráttarbáta, björgunarskipa, fristundafiskiskipa og farþegaskipa til skoðunarferða.

8. gr.

*Eftirlit.*

Starfsmönnum Landhelgisgæslu Íslands er heimilt að fara um borð í íslensk skip, á hafi sem í höfn, og kanna lögmæti lögskráningar og skilríki um réttindi yfirmanna. Sé þessu ábótavant ber að kæra það. Við ítrekað brot sama skipstjóra má færa skip til hafnar. Bera má þá ákvörðun undir dómstóla eftir sömu reglum og gilda um heimild til að bera rannsóknar- aðgerðir í sakamáli undir dóm.

Veita skal þó skipstjóra stuttan tíma til leiðréttingar á röngum færslum eða skráningu í lögskráningarkerfið áður en kæra verður gefin út.

9. gr.

*Refsiákvæði.*

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum. Tilraun til brota og hlutdeild í brotum á lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim er refsiverð eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.

10. gr.

*Gildistaka.*

Lög þessi öðlast gildi 1. nóvember 2010. Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 43/1987, um lögskráningu sjómanna.

11. gr.

*Breyting á öðrum lögum.*

- a. 13. tölul. 13. gr. laga nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum, fellur brott.
- b. Í stað orðanna „skv. 4. og 5. gr. laga nr. 43/1987, um lögskráningu sjómanna“ í 2. másl. 4. mgr. B-liðar 67. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, kemur: skv. 4. gr. laga um lögskráningu sjómanna.
- c. Í stað orðanna „lög um lögskráningu sjómanna, nr. 43/1987“ í 2. másl. 3. mgr. 3. gr. a laga um Siglingastofnun Íslands, nr. 6/1996, kemur: lög um lögskráningu sjómanna.

*Gjört í Reykjavík, 5. maí 2010.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

\_\_\_\_\_  
*Kristján L. Möller.*